

Orðanefnd læknafélaganna - 109

Fundur var haldinn mánudaginn 30. september 2024 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar, og var það 109. fundur nefndarinnar frá 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Reynir Tómas Geirsson var erlendis og Gerður Aagot Árnadóttir á vakt. Bæði boðuðu forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 108. fundar (3. júní 2024), sem hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt. Fundinum, sem samkvæmt henni átti að halda 16. sept., hafði verið frestað til 30. september (þessa fundar).

2. Orðanefndarvinnan:

- a. JHJ greindi fyrst frá fyrirspurn sem borist hafði um íslenskun á enska heitinu „deprescribing“ og fyrirspyrjandi fann ekki í Íðorðasafni lækna. Latnesk-enska forskeytið „de-“ hefur neitandi merkingu og tilsvarendi íslensk forskeyti eru: „af-“, „frá-“ og „úr-“. Enska sagnorðið „prescribe“ merkir að ávísa lyfi. JHJ greindi frá úrvinnslu sinni á fyrirspurninni, m.a. leit að viðurkenndri skilgreiningu hugtaksins. Eftir talsverðar umræður var ákveðið að gerð yrði ný færsla í Íðorðasafninu með „deprescribing“ þar sem aðalorðið yrði „lyfjafrávisun“ og samheiti „lyfjaafvísun“, sem finna má í grein í Læknablaðinu. Tekið var fram að heitið „prescribing“ hefur nán tengsl við annað heiti sem finna má í Íðorðasafni lækna, þ.e. „medication review“ (samheiti: „medication review“ og „medication reconciliation“).
- b. **Orðalisti með „coronary“ úr verkefni með Pétri Snæbjörnssyni.**
JHJ lagði fram lista með 20 færslum þar sem enska orðið „coronary“ kemur fyrir. Farið var vandlega yfir listann og skriflegar athugasemdir sem borist höfðu frá Pétri, en hann starfar erlendis. Listinn var samþykktur með breytingartillögum nefndarmanna og JHJ falið að ganga frá honum til birtingar í Íðorðasafni lækna í Íðorðabankanum.
- c. **Orðalisti með „endothel“ úr verkefni með Pétri Snæbjörnssyni.**
JHJ lagði fram orðalista með 22 færslum þar sem orðhlutinn „endothel-“ kemur fyrir. Farið var einnig vandlega yfir þennan lista og athugasemdir viðstaddra nefndarmanna. Listinn var að lokum samþykktur og JHJ falið að senda hann Pétri til athugasemda áður en listinn yrði birtur í Íðorðabankanum.

3. Önnur mál: Fleiri mál lágu ekki fyrir að þessu sinni.

Næsti fundur. Gert var ráð fyrir næsta fundi **mánudaginn 21. eða 28. október** kl. 16:30 og var fundarherbergi í Eddu bókað til öryggis báða þá daga.

Fundinum var slitið um kl. 17:45. Fundargerð ritaði JHJ.